

# Fréttabréf Dropans

Jan. 2007

1. tbl. 11. árg

## Fræðslufundur

Dagsetning: 1. mars. Staður: Húsi Sjónarhóls Háaleitisbraut 11-13

Dagskrá:

19:30 Húsið opnar

19:45 Fræðsla um Sjónarhól, ráðgjafi sem vinnur hjá Sjónarhól kynnrir starf þeirra.

20:30 Læknar ætla að ræða um pumpur og hvað er að gerast í heimi sykursýkis.

21:15 Spjall og kaffi.

## Unglingahelgi um Hvítasunnuna

### Unglingar lesið þetta... og takið helgina frá !!

Í fyrra tókst þetta afspyrnu vel. Hér er um helgarferð að ræða og er fyrir alla unglunga með sykursýki 14 ára og eldri, fædd 1993 og fyrr. Við munum eiga góða aðstöðu um Hvítasunnuna frá 25. maí til 28. maí.

Við ætlum norður á Akureyri. Hvað á að vera á dagskránni? Hvað á að gera? Unglingar notum nýju heimasíðuna okkar, dropinn.is og komum með hugmyndir að því sem þið viljið gera um þessa helgi. Til að helgin verði frábær þurfið þið að vera dugleg að tjá ykkur um dagskrána.

Skráningar hjá Þórunni Árnadóttur 421-3746 [thorunn@fle.airport.is](mailto:thorunn@fle.airport.is)

*Dagskráin verður auglýst í næsta fréttablaði.*

## Sumarbúðir – 2006 skráning hafin fyrir 8 – 13 ára fædd 1994-1999

Sumarið 2007 verða sumarbúðir að Löngumýri í Skagafirði 11. -16. júní fyrir 8 – 13 ára, fædd 1994 – 1999. Undirbúningshópur hefur hafið störf við að undirbúa verkefnið og afla fjár til rekstrarins. Frá og með útgáfu þessa blaðs hefst umsóknarferlið. Búast má við mikilli aðsókn og gæti svo farið að ekki kæmust allir að þó er allt gert til að koma öllum að. Því þurfa þeir sem hafa áhuga á þátttöku að sækja um sem allra fyrst. Umsóknin þarf að innihalda eftirfarandi upplýsingar; nafn barns og kennitala, heimilisfang, nafn móður eða föður og símanúmer og netfang ef fólk er með það. Við stefnum að því að hleypa öllum að, en húsnæðið setur okkur skorður. Þið eruð hér með hvött til að sækja um hið fyrsta.

Skráningar hjá Þórunni Árnadóttur 421-3746 [thorunn@fle.airport.is](mailto:thorunn@fle.airport.is)

Þátttökugjald í sumarbúðirnar er 20.000 kr. og niðurgreiðir Samtök sykursjúkra þátttökugjaldið eftir á til einstaklinga um helming gegn framvísun staðgreiðslukvittunar.

### **Fræðslukvöld – Aðalfundur – Fjölskyldukvöld sem fram fór í október 2006**

Fimmtudaginn 20.okt, fór fram fræðslu- og aðalfundur okkar, Dropans styrktarfélag barna með sykursýki í Áslandsskóla. Það mættu um 30 manns. Formaður fór yfir árskýrslu stjórnar. Ársreikningar félagsins voru samþykktir. Líflugar og skemmtilegar umræður um sykursýki.

### **Styrkur vegna líkamsræktar. Hækkun á styrktarupphæð**

Við styrkjum unglunga fædda 1989-1993 til aukinnar líkamsræktar fyrir árið 2007. Styrkurinn verður 7500 kr. á hvern ungling á ári . Skrifa þarf stutta umsókn þar sem fram koma upplýsingar um viðkomandi umsækjanda, kennitölu, reikningsnúmer og afrit skal senda af reikningi vegna kostnaðar við líkamsræktina. Þetta mætti kalla lið í forvarnarstarfi, en hreyfing er börnunum okkar jafnvel nauðsynlegri en öðrum. Sent til [halfdan@setbergsskoli.is](mailto:halfdan@setbergsskoli.is) eða FSBU pósth. 513 222 Hafnarfirði